

Fundur um friðlýsingar í Árnesi.

Fundur haldinn 25. Október 2018 um friðlýsingarmál í félagsheimilinu í Árnesi.

Fundurinn var opinn öllum. Skafti Bjarnason oddviti setti fund kl 20:00.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur ásamt Umhverfisstofnun stóðu fyrir fundinum. Tílefnið var fyrst og fremst áform friðlýsingar Gjárinnar í Þjórsárdal. Samþykkt hefur verið af sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að fara út í friðlýsingarferli á því svæði. Gjáin hefur því miður látið nokkuð á sjá á undanförunum árum vegna mikils ágangs ferðamanna. Horft er til þess að friðlýsing sé æskilegt úrræði til að vernda svæðið.

Frummælandinn, Hildur Vésteinsdóttir teymisstjóri friðlýsingarmála hjá Umhverfisstofnun flutti greinargott erindi um hvaða þýðingu friðlýsing hefur, hverjir kostir hennar séu og hvort gallar séu einhverjir. Auk þess útskýrði hún ferli og flokka friðlýsinga.

Fram til þessa hefur fyrst og fremst verið horft til þess að friðlýsa Gjáanna eingöngu. Miklar umræður voru meðal fundargesta um viðfangsefnið. Margir stigu í pontu. Viðhorf og sjónarmið þeirra voru almennt á þann veg að leggja stærra svæði í Þjórsárdalnum undir friðlýsingu. Samhljómur var meðal fundarmanna um að Fossárdalur og Háifoss verði settur inn fyrir friðlýsingarramma. Jafnvel mun stærra svæði þar sem til greina kæmi að hafa Hjálparfoss með. Ekki er nákvæmlega vitað hversu mikill fjöldi ferðamanna kemur í Þjórsárdal ár hvert. En ljóst er að hann er vaxandi og eru margir staðir dalsins viðkvæmir. Fátt bendir til annars en fjöldinn mun vaxa enn á næstu árum, ekki síst í ljósi áforma um uppbyggingu á ferðaþjónustu. Það kallar á að verja þurfi landið betur verið hefur. Meðal þeirra kosta sem væntingar eru um að muni fylgja friðlýsingu er staða starfsmanns í landvörslu og er það líkast til raunhæfara eftir því sem friðlýst svæði verður stærra.

Um 30 manns sóttu fundinn. Fundi var slitið um kl 21.30.

Kristófer Tómasson tók saman punkta.